



Erlendir ferðamenn meira á ferðinni utan höfuðborgarsvæðisins

Gistinóttum erlendra ferðamanna á hótélum á síðasta ári fjölgaði um 33,9% milli ára yfir landið í heild. Fjölgunin var mismikil milli svæða. Minnst fjölgaði gistinóttum á Suðurlandi, eða um 28,9%, en næstmínst á höfuðborgarsvæðinu, eða um 31%. Á öðrum svæðum fjölgaði gistinóttum á bilinu 38,1% og upp í 55,1%, en fjölgunin var mest á Norðurlandi.

Mikil fjölgun gistinátta undanfarin 6 ár


Í uppsveiflunni í ferðapjónustu hér á landi sem hófst árið 2011 hefur fjölgun gistinátta verið mest á Austurlandi, ríflega 350% miðað við árið 2010. Svipaða sögu er að segja af Vesturlandi þar sem gistinóttum fjölgaði um 346%. Fjölgunin var um 318% á Suðurlandi og 312% á Suðurnesjum.

Þar sem fjölgunin var mest á síðasta ári, á Norðurlandi, hefur heildarfjölgunin í uppsveiflunni einungis verið 241%. Minnst hefur gistinóttum á hótélum fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, eða um 193%. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað um 285% á þessu tímabili og því hefur markaðshlutdeild höfuðborgarsvæðisins dregist saman á tímabilinu. Árið 2010 var hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í hótलगistinóttum 72,9% en var komin niður í 65,9% á síðasta ári. Svo lágt hefur hlutfallið ekki farið áður. Þessi þróun skýrist vafalaust að einhverju leyti af því að herbergjanýtingin er orðin það góð á höfuðborgarsvæðinu, og þá sérstaklega á sumrin, að einhverjir ferðamenn komast hreinlega ekki að. Þeir þurfa því að sækja sér hótलगistingu annars staðar á landinu. Þetta er í sjálfu sér jákvæð þróun enda mikilvægt að dreifa ferðamönnum meira yfir landið. Með því móti má nýta betur það fjármagn sem liggur í íslenskri ferðapjónustu og þá sérstaklega húsnæði.


Herbergjanýting á hótélum slær nýtt met

Nýting hótелherbergja hélt áfram að aukast á síðasta ári og náði hún nýju meti. Nýtingin hefur eðlilega haldist í hendur við mikla fjölgun erlendra

Fjölgun gistinátta á síðasta ári



Fjölgun gistinátta í núverandi uppsveiflu





ferðamanna enda ljóst að framboð hótélherbergja hefur ekki náð að halda í við fjölgunina. Á síðasta ári var nýtingin 71,3% yfir landið í heild en hlutfallið hefur stöðugt vaxið síðan 2011. Til samanburðar var nýtingin 63,9% árið 2015 og 46,9% árið 2010, þ.e. ári áður en uppsveiflan hófst. Fram af árinu 2010 hafði nýtingin legið á nokkuð þröngu bili, eða á bilinu 46,9% og upp í 50,9%.

Herbergjanýting er lægst á Austurlandi

Sem fyrr var nýtingin best á höfuðborgarsvæðinu, eða 85,4% á síðasta ári. Næstbest var hún á Suðurnesjum, eða 72,7%, en þessi tvö svæði hafa skorið sig nokkuð úr hvað gistinýtingu varðar á síðustu árum. Suðurnes njóta þarna góðs af staðsetningu helstu miðstöðvar millilandaflugsins hér á landi. Nýtingin á Suðurlandi var einnig ágæt, eða 58,5%. Eftir það koma önnur svæði landsins á nokkuð þröngu bili. Þannig var nýtingin á Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi og Norðurlandi á bilinu 44,2% til 48,6%. Nýtingin var lægst á Austurlandi eins og verið hefur síðustu ár en allt síðan árið 2008 hefur nýtingin á Austurlandi verið lægst eða næstlægst sé litið til allra svæða landsins.

Nýtingin hefur aukist mest á suðvesturhorninu

Á undanförunum árum hefur nýtingin batnað verulega á öllum svæðum landsins en breytingin verið mismunandi eftir svæðum. Nýtingin hefur breyst mest á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en nýtingin hefur aukist um meira en 30 prósentur á báðum svæðum. Nýtingin var 55,3% á höfuðborgarsvæðinu árið 2010 en 40,3% á Suðurnesjum. Aukningin á öðrum svæðum hefur verið á bilinu 16,1-19,7 prósentur. Mest hefur hún verið á Suðurlandi og minnst á Austurlandi.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.